

EFTIRLITSSKÝRSLA

Olíudreifing Örfirisey



Dags eftirlits	14.4.2016	Fulltrúi UST	Gottskálf Friðgeirsson
Fyrirtæki	Olíudreifing	Fulltrúi UST	
Heimili	Hólmaslóð 8 - 10	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	6606952069	Flokkur	Olía
Fulltrúi fyrirtækis	Gestur Guðjónsson	ÍSAT nr.	63.40
Fulltrúi fyrirtækis	Helgi Árnason	Staðsetning	356850,845 409700,409

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Við eftirlit komu ekki fram frávik frá kröfum í starfsleyfi. Tvær athugasemdir voru gerðar í eftirliti.

UMFANG EFTIRLITS

Í eftirliti stöðvarinnar var byrjað á fundi með fulltrúum Olíudreifingar ehf. og sest yfir gögn sem borist hafa síðan síðast var komið í eftirlit.

Mánaðarblöð í rekstrarhandbók stöðvarinnar voru yfirfarin og skráningar á þjónustu við olíuskiljur. Starfsmenn sögðust oft dæla úr skiljunum og væri það einfalt mál þar sem sugubílar fyrir úrgangsolíu væru mikið á ferð um stöðina. Athugasemd var gerð við að þjónusta við olíuskiljur þ.m.t. dælingar úr olíuskiljum voru ekki skráðar. Farið er fram á að skráð sé rekstrarhandbók hvaða skiljur eru þjónustaðar og hvenær.

Vottunaraðili frá BSI var á ferð um margar stöðvar félagsins í október sl. og fór um Suðurnes og Suðurland. Verkstæði og lager félagsins við Hólmaslóð voru skoðuð og komu ágætlega út úr skoðuninni.

Danska verkfræðistofan Cowi skilaði uppfærðu áhættumati í mars á síðasta ári vegna tilkomu etanólbirgða í stöðinni. Niðurstaða þeirra var að áhætta af eldsneytisbirgðum félagsins í Örfirisey ykist lítilsháttar við tilkomu etanólsins en ráðlögðu að bensínskynjurum yrði komið fyrir á bensínafgreiðslupalli og að þeir tengdust sjálfvirkum útslætti á bensíndælum við pallinn. Bensín sem blandað er í etanólíð til þess að gera það ódrykkjarhæft getur, inni í etanógeyminum, verið innan íkveikisviðs (explosive range) og því er ráðlagt að halda öllum neistagjöfum fjarri og nota köfnunarefni eða sambærilegar eðallofttegundir til þess ryðja burt eldfimur gufum út úr etanólgeyminum. Ekki er ráðlagt að byggt verði nær olíubirgðastöðinni en 200 m.

Cool Sorption (Aker Solutions) tók út gufueyndurnýtingarbúnað stöðvarinnar í september sl. Búnaðurinn var í lagi við skoðunina og lítil losun bensínufu. Bent var á að auka mætti viðhald búnaðarins, og bent var á ýmsar leiðir í því skyni í skýrslu sem kom í kjölfar úttektarinnar.

Geymir nr. T0109 var botnþykktarmældur í fyrra og nú eru allar mælingar á geymum og lögnum og olíu í fráveitu stöðvarinnar í góðu lagi.

Eitt mengunaróhapp varð í fyrra þegar olíuskilja á Eyjagarði yfirfylltist. Starfsmenn olíufélaganna ásamt fulltrúum Faxaflóahafna brugðust við með búnað stöðvarinnar og varð ekki alvarlegt tjón af, en af þessu má læra hversu mikilvægar skráningar á þjónustu við olíuskiljurnar eru og að skráningar séu aðgengilegar fyrir bæði olíufélögin sem standa að þessum búnaði.

Ein kvörtun barst vegna lykta frá olíubirgðastöðvunum í Örfirisey. Leigjendur í nálægum húsum kvörtuðu yfir lykt upp úr niðurföllum í gólfi. Lyktin er rakin til þess að mikið magn heits vatns er notað til þess að halda svartolíubirgðum félaganna heitum. Heitt affall fer að einhverju leiti í niðurföll og eykst þá lykt sem berst upp úr niðurföllum í nálægum húsum. Rekstraraðilar telja sig hafa ráðið bót á þessu með því að aðskilja fráveitukerfi húsanna við Hólmaslóð frá fráveitu sem tekur við heitu vatni í olíubirgðastöðvunum.

Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir. Viðbragðsáætlun og áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar eru í rekstrarhandbók.

Gengið var um stöðina með stövarstjóra og skoðaðar mengunarvarnaþrær við geyma. Gasolíuþró er með steinsteyptan botn og eru sprungur komnar í steypuna. Skoða þarf með að þetta sprungurnar eða láta fara fram lektarpróf á þrónni til þess að sannreyna það að þróin uppfylli kröfur í starfsleyfi.

Einnig voru skoðaðar olíuskiljur og lagnir sem liggja út úr þrónum og var ekki betur séð en að þrær gætu sinnt hlutverki sínu.

Girðingar og hlið voru í góðu lagi.

ATHUGASEMDIR


Tvær athugasemdir voru gerðar.

1. Auka þarf skráningar vegna þjónustu við olíuskiljur í stöðinni. Þetta er sérstaklega mikilvægt þar sem tveir aðilar nota sama búnað og góðar upplýsingar um stöðu búnaðarins báðum mikilvægar.
2. Bent var á að sprungur í steypu í gasolíuþró gætu dregið úr virkni hennar til þess að halda utan um olíuleka. Þétting á sprungum í steypunni yki á áræðanleika þróarinnar.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 20.04.2016



Gottskálk Friðgeirsson